

Morgunblaðið

Þ A G N A S A F M

Miðvikudagur 6. desember 1995. (Aðsent efni)

Valfrelsi að lífeyrissjóðum er óskynsamlegt

Að minnu mati er valfrelsi í lífeyrismálum ekki hyggilegt, segir **Hrafn Magnússon**, og hreint og beint fráléitt.

Því verður varla á móti mælt að stofnun almennra lífeyrissjóðanna fyrir aldarfjórðungi var mikið gæfuspör. Margar þjóðir horfa öfundaraugum til Íslands, enda hefur íslenska lífeyrissjóðakerfið þá helstu kosti, sem þrýða slík kerfi. Er þá átt við Essin þrjú, sem eru höfuðkostir kerfisins, þ.e.a.s. sjóðstofnun, samtryggingu og skyldnaðild. Því koma nokkuð á óvart skrif leiðarhöfundar Morgunblaðsins, 28. nóvember sl., þar sem beinhlitis er skorað á þingmenn stjórnaflökkana að afnema skyldnaðild að lífeyrissjóðunum með lögum, þvert á öll skynsamleg rök og samdóna álit heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins að skyldnaðild að lífeyrissjóðum sé skynsamlegur kostur.

Ég tel hins vegar mörg veigamikil rök mæla með skyldnaðild og gegn fjálsri aðild að lífeyrissjóðunum og skulu aðeins nokkur nefnd.

Í fyrsta lagi mun kostnaður lífeyrissjóðkerfisins stóranskast, ef aðild yrði gefin fjáls. Auglýsingar lífeyrissjóða, banka, sparisjóða, verðbréfalýritækja, tryggingafélaga, verðbréfamíðlara, svo nokkur dæmi séu nefnd, um þennan veigamikla sparnað almenningi, munu skella eins og flóðbylgja yfir þjóðina, þar sem höfð væri í framm ymis gylliboð í kauplaupi um lífeyrisðgjöldin. Nýverandi auglýsingakostnaður séreignsjóða, tryggingafélaga, banka og sparisjóða, yrði hreim barnaleikur í samanburði við það sem þá yrði. Hjá fjólmílium, ekki síst Morgunblaðinu, yrðu jölin allir árið og þeir myndu að sjálfsgögu fíma eins og þúkin á fjósbítanum í þessum gjörmíngum.

Í öðru lagi mun fjáls aðild að lífeyrissjóðunum hafa í för með sér verulega aukinn kostnað við eftirfylgni við innheimnistarfsemi. Þegar hið verður að hleypa öllu lausu verða að sjálfsgögu sífelldir flumhingar sjóðfélaga á milli lífeyrissjóða og í stað þess að fyrirtæki greiddi t.d. nú í 10 lífeyrissjóði af starfsmönnum sínum gætu sjóðirnir orðið margfalt fleiri og enginn vissi sitt fjúkandi ráð, hvert ætti að greiða og hver ætti að innheimta vanskilgjöld. Lögfræðingar við innheimnistörf myndu blómstra meira en nokkra sinni fyrir.

Í þriðja lagi væri sú hættu vissulega fyrir hendi að launþegnum, sem mun hafa mjög takmarkaða yfirsyn yfir rekstur lífeyrissjóða, þ. á m. mat á líklegrri ávöxtun fram í tímann, þróun rekstrarkostnaðar, aldursrasmsetningu, kynjasmsetningu, ævilkur og örorkuáhrættu, léti einfaldlega atvinnurekandann um að velja lífeyrissjóðinn. Valfrelsi launþegans yrði í raun valfrelsi atvinnurekandans. Þar með væri hættu á að stjórnandinn notaði frelsi til að beina aðild launþega að lífeyrissjóði banka eða tryggingafélaga, þar sem hann væri með viðskipti. Þannig væru sjóðfélagarinn orðnir að eins konar viðskiptavörur, nánast eins og fé á fæti í öllu frelsinu.

Í fjórða lagi mun valfrelsi þrjúta smám saman niður samtryggingaréðlið í lífeyrissjóðakerfinu. Samtrygging gengur einfaldlega ekki upp þegar menn fara að flakka milli sjóða. Hver verður t.d. réttarsíða þeirra sjóðfélaga, sem fyrir eru í lífeyrissjóði, sem nú er fjárhagslega sterkur, ef inn í sjóðinn flykkist eldra fólk og öryrkjar?

Í fimmta lagi væri farið að verðleggja sjóðfélaganna eftir kyni, þar sem konur lifa lengur en karla og þyrftu því að greiða hætti iðgjöld en þeir. Eftir aldir, því iðgjöld sjóðfélaga eru þeim mun verðmætari, sem sjóðfélaginn er yngri og eftir fjölskylduáðstæðum, því fjölskylduáhrættu, sem felur frá, er kostnaðarmeiri en sá sem er einhleypur. Þannig yrði núverandi kerfi samhlýðpar og samtryggingar í lífeyrissjóðunum rústað á fæcinum mánuðum eða misserum.

Rýrnkun reglna í Bretlandi í valfrelsisátt, árið 1988, hefur skapað stórkostleg vandamá, sem ekki er séð fyrir endamá á. Þó er ekki um almenna greiðslugetu að lífeyrissjóðum að ræða á Bretlandseyjum og flestir sjóðanna eru byggðir upp á fyrirtækjagrunðvelli. Þar geta launþegar valið að greiða í viðkomandi lífeyrissjóð eða í fjálsan sparnað. Þar hafa menn lært af mistökunum, þar sem launþegar voru blekkir út úr samtryggingarsjóðunum með ymsum gylliboðum og sigja nú eftir með milljarða punda mistök vegna rangra ráðlegginga séfræðinga trygginga- og verðbréfalýritækja.

Aðlum við nú hér á Íslandi með tilfölulega gott lífeyrissjóðakerfi að taka upp svokallað valfrelsi að sjóðunum og rústa þannig kerfið með tilrannastarfsemi? Til þess eru vörn og varast þau. Að minnum dómi er valfrelsi í lífeyrismálum ekki hyggilegt og hreint og beint fráleitt. Eðlilegra væri fyrir Morgunblaðið að hvetja stjórnvöld til að huga að stórkostlegum vanda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, svo ekki sé minnst á lífeyrissjóði alþingismanna og

ráðherra. Fjárhagsvandi þessara sjóða nemur tugmilljörðum króna. Nær væri að smá sér að lausn þeirra vandamála, heldur en að agnast út í lífeyrissjóði á almennum vinnurarkaði.

Höfundar er framkvæmdastjóri Sambands almenna lífeyrissjóða.

Hrafn Magnússon

☒ Morgunblaðið.

Til baka ▶